

Tillaga Jóns G. Jónssonar um frumvarp til laga um stofnun eignaumsýslufélags

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag, eignaumsýslufélag, til að hraða endurreisn íslensks efnahaglífs.

Eignaumsýslufélagið hefur það hlutverk:

- a. að styðja við endurreisn íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði,
- b. að stuðla að fjárhagslegri endurskipulagningu íslenskra fyrirtækja, sem eru skuldarar íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða, og
- c. að fara með stjórn og umsýslu á kröfum íslenska ríkisins í þrotabú fjármála-fyrirtækja.

Heiti félagsins skal vera Eignaumsýslufélag ríkisins, eða *Icelandic Asset Management Corporation*. Eignaumsýslufélag ríkisins skal hafa starfsleyfi sem fjármála-fyrirtæki, samkvæmt lögum nr. 161/2002, en skal vera undanþegið ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi um eiginfjárhlutfall og lausafjárstöðu.

2. gr.

Til að sinna hlutverki sínu, verður Eignaumsýslufélagi ríkisins heimilt, en ekki skylt:

- a. að kaupa kröfur og aðrar eignir viðskiptabanka og sparisjóða, sem vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði fá ekki eðlilega fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands, en eru þó ekki í greiðslustöðvun, gjaldþrotameðferð eða slitum,¹ í þeim tilgangi að styrkja lausa- eða eiginfjárstöðu þeirra og koma þannig á eðlilegum viðskiptum við Seðlabanka Íslands,
- b. að taka að sér fjárhagslega endurskipulagningu íslenskra fyrirtækja, fyrir hönd íslenskra lánardrottna þeirra,² sem eru viðskiptabankar og sparisjóðir, sem annað hvort eru í meirihlutaeigu íslenska ríkisins³ eða eru í nauðasamningum, greiðslustöðvun, gjaldþrotameðferð eða slitum⁴, í samráði við aðra kröfuhafa og eigendur,
- c. að bjóða ofangreindum íslenskum fyrirtækjum aðstoð við endurskipulagningu rekstrar með þáttöku alþjóðlegra viðurkenndra sérfræðinga, fyrirtækjunum að kostnaðarlausu,

¹ Samkvæmt þessu ákvæði, er eignaumsýslufélaginu ætlað að vera bakhjarl allra íslenskra banka og sparisjóða, en þó sérstaklega nýju bankana, á meðan efnahagsástand er erfitt hér á landi.

² Þessi liður, sem tengir stofnun eignaumsýslufélagsins við heildar endurskipulagningu á bankakerfinu, er megininntak frumvarpsins. Þar sem stærstur hluti lána íslenskra fyrirtækja yrði skilinn eftir í gömlu bönkunum er hætta á að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækjanna verði alfarið stýrt af erlendum kröfuhöfum bankanna, en ekki íslenskum aðilum.

³ Þessi skilgreining á að ná til Íslandsbanka hf., Nýja Kaupþings banka hf. og NBI hf., og allra þeirra sparisjóða, sem ríkið mun eignast meirihluta í.

⁴ Þessi skilgreining á að ná til gömlu bankana (Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf.), Sparisjóðabanka Íslands hf., SPRON hf. og annarra sparisjóða, svo og Straums-Burðarás fjárfestingabanka hf., sem hafði starfsleyfi sem viðskiptabanki.

- d. að endurheimta eignir skuldara íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða, sem annað hvort eru í meirihlutaeigu íslenska ríkisins eða eru í nauðasamningum, greiðslustöðvun, gjaldþrotameðferð eða slitum, sem kann að hafa verið skotið undan, með því að ráða alþjóðlega viðurkennda sérfræðinga til að endurheimta þær,
 - e. að leggja þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum fjármagn sem hluta af fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra, í formi láns eða hlutafjár, en þó aðeins eftir að einkaaðilar og lífeyrissjóðir hafi hafnað þáttöku í slíkri endurskipulagningu, og með sérstöku samþykki Alþingis,
 - f. að taka að sér, fyrir hönd skilanefnda, skiptastjóra eða dómstóla, sölu á íslenskum og erlendum eignum íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða, sem eru í nauðasamningum, greiðslustöðvun, gjaldþrotameðferð eða slitum, til að þeir geti greitt kröfuhöfum sínum,⁵
 - g. að byggja upp heildstæða þekkingu innan félagsins á fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja, krafna þeirra og sölu, og
 - h. að fara með stjórn og umsýslu á kröfum íslenska ríkisins í þrotabú fjármála-fyrirtækja.
- Eignaumsýslufélagið skal leitast við að hámarka endurheimtur á þeim eignum, sem það kaupir eða tekur að sér fjárhagslega endurskipulagningu á, samkvæmt a. og b. lið, eða selur samkvæmt f. lið.

Tilvísun í íslenska viðskiptabanka og sparisjóði í lögnum skal einnig eiga við dótturfélög þeirra.

Með fjárhagslegri endurskipulagningu er átt við samverkandi eða einstakar aðgerðir, sem miða að því að koma á varanlegri fjárhagsskipan, sem hámarkar virði skuldara, þar sem:

- a. viðskipta- og fjárhagsáætlanir, greiðsluhæfi, skuldaþol og eignir skuldara eru endurmetnar,
- b. lánardrottinn lengja lánstíma, lækka vaxtagjöld eða höfuðstól, styrkja veð og breyta skuldum í hlutafé,
- c. skuldarar endurskipuleggja starfsemi sína, leita samlegðaráhrifa, leggja niður óhagkvæman rekstur, selja jaðareignir og greiða niður skuldir,
- d. eigendur hlutafjár endurskipuleggja fjárhag sinn með nýju hlutafé eða afskriftum, og
- e. nýjir fjárfestar leggja skuldarann til nýtt fjármagn í formi lána eða hlutafé.

3. gr.

Eignaumsýslufélag ríkisins skal vinna að markmiðum laga þessara með eins skilvirkum og skjóttum hætti og aðstæður leyfa.

Eignaumsýslufélagið skal njóta sérstöðu í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. til að flýta fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu skuldara sem leitað hafa heimilda til greiðslustöðvunar, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipta, enda séu lánardrottinnar íslenskir viðskiptabankar og sparisjóðir.

⁵ Þessi ákvæði eru mikilvæg þar sem eignaumsýslufélög erlendis hafa alltaf gegnt slíku hlutverki og tæki félagið því við hlutverki skilanefnda að þessu leyti. Þessi tilhögun eykur líkurnar á því að sala á eignum gömlu bankanna hámarki endurheimtur og tryggir einnig hagsmuni íslenska ríkisins sem kröfuhafa í þrotabú þeirra. Með þessum ákvæðum eykst einnig þekking innan félagsins á fjárhagslegri endurskipulagningu, eins og g-liður segir til um. Samhæfa verður því lög um eignaumsýslufélag og slit fjármálfyrirtækja, samkvæmt þeim breytingum, sem nú liggja fyrir Alþingi á lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

Eignaumsýslufélagið getur krafist þess að hafa réttarstöðu allra lánardrottna í fjárhagslegum endurskipulagningum sem það tekur sér fyrir, í stað þeirra viðskiptabanka og sparisjóða, sem eiga kröfur á hendur skuldara, til að styrkja vægi þess í atkvæðagreiðslum lánardrottna.

Eignaumsýslufélagið skal ekki bera kostnað af gjaldþrotaskiptum sem það krefst fyrir hönd viðskiptabanka og sparisjóða, heldur þeir sjálfir.

4. gr.

Fjármálaráðherra eða félag í eigu ríkissjóðs fer með eignarhlut ríkisins í eignaumsýslufélaginu. Fjármálaráðherra annast, í samráði við Seðlabanka Íslands og viðskiptaráðherra, undirbúning að stofnun eignaumsýslufélagsins.

5. gr.

Stjórn eignaumsýslufélagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Fjármálaráðherra skal skipa tvo stjórnarmenn, og skal annar þeirra vera formaður, Seðlabankinn tvo stjórnarmenn, og skal annar þeirra vera varaformaður, og viðskiptaráðherra einn stjórnarmann. Fjármálaráðherra og Seðlabankinn skulu skipa sinn varamanninn hvor.⁶

Stjórn eignaumsýslufélagsins skal ráða forstjóra, að undangenginni auglýsingu.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu hafa haldgóða menntun og sérþekkingu á fjármálum og rekstri fyrirtækja. Þeir skulu í störfum sínum njóta sömu lögverndar og embættismenn ríkisins.⁷

Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum og lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

6. gr.

Að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og aðila vinnumarkaðarins, gerir stjórn félagsins tillögu til fjármálaráðherra, til samþykktar um þau almennu viðmið sem leggja skal til grundvallar því að fyrirtæki geti talist þjóðhagslega mikilvægt í skilningi 2. gr.

Á grundvelli 2. gr. og samþykktra viðmiða í reglugerð samkvæmt 1. mgr. 8. gr., tekur stjórn félagsins eða forstjóri ákvörðun um kaup á einstökum eignum, enda rúmist kaupin innan fjárhags félagsins eins og hann verður ákvarðaður samkvæmt 7. gr.

⁶ Fjármálaeftirlitinu er ekki ætlað að koma að stjórn eignaumsýslufélagsins, þar sem það á að hafa eftirlit með starfi þess.

⁷ Forstjóra er ætlað að vera íslenskur ríkisborgari. Mikilvægt er að takmarka lögsókn á hendur stjórn og forstjóra félagsins.

7. gr.

Hlutfé félagsins við stofnun þess skal vera einn milljarður króna og greiðast úr ríkissjóði.

Stjórn félagsins og forstjóri skulu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir stofnun félagsins, leggja mat á heildarupphæð stofnfjár eða þörf fyrir aukningu þess miðað við áætlað umfang starfseminnar og árlega þörf félagsins fyrir rekstrarfé.

Eignaumsýslufélagið skal leggja fram árlega rekstrar- og fjármagnsþörf sína og skal henni úthlutað samkvæmt fjárlögum hvers árs.

Eignaumsýslufélaginu skal heimilt að afla hóflegra þóknunartekna fyrir að taka að sér fjárhagslega endurskipulagningu íslenskra fyrirtækja og sölu íslenskra og erlendra eigna íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða, sem eru í nauðasamningum, greiðslustöðvun, gjaldþrotameðferð eða slitum samkvæmt 2. gr.

Eignaumsýslufélagið skal semja um verð á eignum, sem það kaupir samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og greiða fyrir þær með útgáfu skuldabréfa. Ríkissjóður skal ábyrgjast greiðslur á vöxtum þessara skuldabréfa, en ekki höfuðstól.⁸

Eignaumsýslufélaginu er óheimilt að skuldbinda ríkið, t.d. með ríkisábyrgðum nema að sérstakar heimildir fáist fyrir því í fjárlögum.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð, m.a. um:

- a. almenn viðmið um þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki skv. 2. gr.,
- b. yfirtöku, umsýslu og sölu á eignum, sem félagið hefur fengið í vörslu eða keypt.

9. gr.

Félagið skal hafa lokið störfum og því verið slitið, eigi síðar en sjö árum frá stofnun þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

⁸ Með þessu ákvæði er verið að minnka kostnað ríkisins við það nauðsynlega hlutverk að verða bakhjarl bankanna, en jafnframt reynt að tryggja að skuldabréfin gætu notast þeim í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands.